

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Milli sjávar og sveita

Þróunarverkefni unnið skólaárið 2010-2011

Nafn skóla: Leikskólinn Æskukot, Stokkeyri

Nafn verkefnisstjóra: Sigríður Birna Birgisdóttir

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Þau markmið sem við settum okkur snerta bæði börn og kennara leikskólans. Þegar kennarar fara að skipuleggja og horfa á hvað börnin eru að gera, læra og hvernig þau upplifa hlutina þá um leið efla kennarar fagmennsku sína.

Markmið verkefnisins eru að nemendur:

- njóti margháttaðrar reynslu sem örvar hugmyndaflug og skapandi tjáningu.
- auki þekkingu á samfélagi, menningu, umhverfi og náttúru.
- efli hjálpsemi og ábyrgðarkenndar gagnvart náttúru, mönnum og málleysingjum.
- auki þekkingu á heilbrigðum lífsháttum.
- efli virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.
- efli sjálfstraust og trú á eigin getu.
- efli tjáningu og hugtakaskilning.
- auki orðaforða og efli frásagnarhæfni.
- efli umhyggju og vináttu.

Markmið verkefnisins er að kennarar auki:

- hæfni í að skipuleggja nám út frá grenndarsamfélaginu.
- þekkingu sína á skráningarleiðum til að meta nám barna.
- þekkingu sína á skráningarleiðum til að meta eigið nám.
- þekkingu sína á náttúru, menningu og samfélagi.
- þekkingu sína á sjálfbærni í menntun.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Hugmynd að verkefninu er m.a. sótt til rannsóknar- og þróunarverkefnisins [GETU](#) en markmið þess er að efla skilning og umræðu um menntun til sjálfbærni. Leitað var til Kristínar Norðdahl sem var með fyrirlestur og fræðslu fyrir kennara í Æskukoti um sjálfbærni í menntun. Fundir voru haldnir sem fengu nafnið Sprotafundir þar sem kennarar skipulögðu ferðir og nám barnanna. Á fundunum var farið yfir stöðu verkefnisins og mat lagt á það. Farið var með börnin í tveim elstu árgöngum skólans átta sinnum yfir skólaárið í rútuferðir. Holtshringurinn sem tilheyrir Stokkseyrarhrepp

var farinn reglulega. Þar var farið í skipulagðar námsferðir að Holti þar sem rekið er kúabú. Börnin mættu snemma að morgni til að upplifa mjaltir eða komu í heimsókn á öðrum tíma t.d. þegar kúnum var sleppt út að sumri. Bændurnir á Holti tóku vel á móti okkur og fengu börnin að sjá og heyra hvað fer fram í fjósinu og í sveitinni. Í ferðum okkar að Holti gafst líka tækifæri til að sjá sveitina sem tilheyrir Holtshringnum en þar er m.a. Timburhólaskógur, Rjómbúið á Baugstöðum og Knarrarósviti sem tengist liðnum tíma og sögu okkar. Eins og Holt þá eru þessir staðir ekki í göngufæri en hægt er að nýta sömu rútuferðir og að Holti til að stoppa á þessum stöðum til að læra af og njóta.

Raddir barnanna komu sterkar inn í verkefnið sem hefur haft áhrif á skipulagningu þess. Börnin óskuðu eftir því að fara í heimsókn í Mjólkurbú Flóamanna á Selfossi þegar þau uppgötvuðu það að mjólkurbíllinn sækir mjólkina að Holti og fer með hana í mjólkurbúið. Þar var vel tekið á móti hópnum og börnin fengu að kynna sér hvernig framleiðslan fer fram á hinum ýmsu mjólkurvörum. Börnunum fannst Timburhólaskógur líka vera mjög spennandi og skemmtilegur og til að bregðast við því varð skógurinn heimsóttur oft og reglulega í ferðum okkar. Börnin fengu því að upplifa skóginn á öllum árstíðum þar sem þau upplifðu breytingar í náttúrunni og þar blómstraði leikurinn. Hugmyndir um að heimsækja Húsið og Sjóminjasafnið á Eyrarbakka komu fram og var farið í rútuferð á Eyrarbakka þar sem börn og kennarar fengu góða leiðsögn og fræðslu um söfnin. Foreldrar hafa verið mjög áhugasamir og mætt á fundi og tekið þátt í mati á verkefninu við upphaf þess og við lok. Á milli rútuferða hefur verið farið í gönguferðir þar sem hænur, kindur, hestar og annað áhugavert hefur verið skoðað. Kennarar hafa unnið úr ferðunum með börnunum og haldið utan um skráningar þeirra sem eru: frásagnir og teikningar frá börnunum, hugtakakort, ljósmyndir, myndbandsupptökur og dagbókafærslur frá hverri ferð.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Það hafa ekki verið mikil frávik miðað við áætlun verkefnisins. Dagsetningar á ferðum hafa aðeins riðlast en það hefur ekki haft neikvæð áhrif á verkefnið. Ekki hafði verið gert ráð fyrir því að Timburhólaskógur hefði svona mikið aðdráttarafl hjá börnunum eins og raunin varð en þau óskuðu eftir því aftur og aftur að fara þangað.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Þegar við horfum til baka þá er eins og kennarar hafi oft lítinn tíma dags daglega í leikskólanum til að vinna úr og meta starf sitt. Sprotafundirnir voru því mjög kærkomnir og hjálpuðu til við að hægt væri að meta, skipuleggja og að læra saman af verkefninu. Breytingar í starfsmannahópnum á skólaárinu hafa haft einhver áhrif en það var fastur kjarni sem fylgdi verkefninu eftir frá upphafi til enda.

Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Verkefnið var mjög skemmtilegt og veitti mikla gleði inn í starfið bæði fyrir börn, kennara og foreldra. Helsti ávinningur af því er að allir þátttakendur nutu þess að vera með, heimurinn stækkaði en um leið sáum við að það þarf ekki að fara langt til að læra, reyna og njóta. Verkefnið efdi tengsl við samfélag og náttúru og opnaði augu okkar fyrir þeim fjölmörgu möguleikum sem við höfum hér á Stokkseyri til að efla nám og þroska barna. Okkur er efst í huga þakklæti til allra þeirra sem við heimsóttum í ferðum okkar en þeir eiga sinn þátt í því hve vel tókst til. Hvert sem við komum fengum við hlýjar og góðar móttökur. Bændurnir að Holti þau Elín og Björn eiga miklar þakkir skilið en þau tóku oft á móti okkur og gáfu okkur af tíma sínum og þekkingu með gleði og ánægju.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

Verkefnið gekk mjög vel. Börn, foreldrar og kennarar hafa verið mjög jákvæðir og notið þess að taka þátt í verkefninu. Börnin hafa hlakkað til að fara í rútuferðirnar og foreldrar hafa verið duglegir að mæta á fundi og tjá sig um verkefnið við kennara. Það hefur komið vel fram í máli foreldra að börnin eru að njóta sín í ferðunum og foreldra hafa haft ánægju af því að koma í leikskólann og sjá myndir og myndbönd úr þeim. Með því hafa þeir oft skilið betur hvað það er sem börnin þeirra eru að upplifa og læra. Kennara hafa lært mikið um hvað og hvernig hægt er að skipuleggja nám barna og æft sig í skráningaraðferðum. Kennarar hafa eins og foreldrar lært mikið að því að horfa á myndir og myndbönd úr ferðunum og hafa með því eflt fagmennsku sína. Það að fara með börnin út í samfélagið og náttúrunna er góð leið til að efla þroska og nám barna.

Hefur verkefnið, eða mun það hafa, áhrif á skólastarfið í heild?

Verkefnið hefur haft jákvæð áhrif á skólastarfið og mun vonandi hafa áhrif til framtíðar. Við sjáum það vel að börn þurfa að fá að njóta, reyna, skynja, sjá, snerta og finna. Þau þurfa að upplifa með öllum sínum skynfærum og þau þurfa að fá tíma til að mynda tengsl. Þess vegna er mikilvægt að þau fái að fara út fyrir mörk skólans til að læra og þroskast og til að hafa áhrif. Með því fá þau tækifæri til að upplifa sig sem part af samfélagi og náttúru og þau fá líka tækifæri til að láta sig það varða og tíma til að mynda tengsl sem byggjast á umhyggju og virðingu fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu. Verkefnið hefur veitt okkur mikla gleði og við erum sannfærð um að það er gott að vera þar sem gleðin býr. Vellíðan og gleði er mikilvægur grundvöllur náms og þroska.

Niðurstöður verkefnisins:

Þátttaka foreldra

Haustið 2010 var verkefnið kynnt fyrir foreldrum á fundi, þeir sem ekki komust á fundinn fengu persónulega kynningu á verkefninu. Í upphafi svöruðu foreldrar spurningum sem nýttust kennurum við skipulagningu á verkefninu og óskað var eftir samþykki foreldra með undirskrift fyrir þátttöku barnsins þeirra í verkefninu. Í daglegu samskiptum og í foreldra viðtölum var talað um verkefnið við foreldra. Það spunnust líka oft upp umræður um verkefnið í kring um rútuferðirnar sem farnar voru. Foreldrar voru svo boðaðir á fund vorið 2011 til að fara yfir verkefnið þar voru myndbönd og myndir sýndar úr ferðunum. Í framhaldi af því voru foreldra beðnir um að meta verkefnið og svara nokkrum spurningum sem tengdust því.

Mat foreldra á verkefninu.

Foreldrar voru spurðir um hvort þeir teldu að verkefnið hafi haft áhrif á orðaforða þá svöruðu flestir foreldrar því játandi. Dæmi um svör:

„já hann lærði ný orð“

„Hún talar nú um kýrnar en ekki mu, mu eða beljurnar eins og hún gerði“

Spurt var um hvort verkefnið hefði aukið skilning barnsins á umhverfi, menningu og samfélagi. Allir svöruð því játandi og töldu að verkefnið hefði aukið skilning barnsins. Hér eru dæmi um svör frá foreldrum:

*„Já er orðinn mun meðvitaðri og fróðari“
„Já hún talar t.d. um að ekki megi henda rusli í skóginum“
„já veit t.d. hvernig mjólkkin, jógúrtið og ísinn verður til“*

Foreldrar voru spurðir hvort verkefnið hefði haft áhrif á sjálfstraust barnsins. Svöruð flestir foreldra því játandi en nokkrir voru ekki vissir á hvaða hátt. Dæmi um svör frá foreldrum:

*„já, ekki spurning“
„veit ekki hefur alltaf haft gott sjálfstraust“
„já hún er að venjast húsdýrunum“
„Já, vafalaust“
„já, hún virðist alveg óhrædd við dýrin, svo ég tel að sveitaferðirnar hafi hjálpað“*

Foreldrar voru spurðir um hvað þeir teldu að barnið hefði þroskað með sér og lært með því að vera þátttakandi í verkefninu Milli sjávar og sveita.

„Hann hefur betri skilning á náttúrunni. Honum fannst þetta mjög skemmtilegt. Timburhólaskógur stóð klárlega uppúr hjá honum og hann er búinn að plana lautaferð þangað í sumar“

„Hann hefur án efa lært mikið um náttúruna, dýralíf, sögu og menningu okkar“

„Hún hefur lært mikið um sitt umhverfi, dýr og menningu og er orðin opnari fyrir að prufa eitthvað nýtt“

„Skilning á því t.d hvaðan matvæli koma umhverfishringrásin“

„Betri skilning á því hvaðan maturinn kemur og lífið í sveitinni. Fróðari um dýrin og er forvitin um orð og hugtök og fleira sem tengist fortíðinni og sveitalífinu“

„Nöfnin á stöðunum í nágrenninu, meðvitaðri um nágrennið“

„Lært um sveitina, nöfnin í kring sem aðflutta mamman kann ekki ennþá“

„Hún hefur lært að virða náttúruna og einnig að passa sig nálægt viðkvæmum hlutum. Hún hefur einnig lært hvernig á að koma fram við dýrin“

Dæmi um annað sem foreldrar vildu að kæmi fram:

„Skemmtilegar ferðir fyrir börnin. Lærdómsríkt og fræðandi og frábær upplifun fyrir þau að fara öll saman“

„Hann hefur mikið talað um þessar ferðir og það sem þau krakkarnir hafa séð og gert. Hann er mun fróðari en áður um marga hluti og þessar ferðir hafa vakið hjá honum mikinn áhuga og verið mikil skemmtun og fróðleikur“

„Hún hefur mikið rætt þessar ferðir heima og þau systkinin saman og borið saman bækur sínar. Mjög skemmtilegt að hlusta á. Þetta hefur greinilega verið mikil og góð reynsla og margt skemmtilegt og spennandi verið gert. Frábært verkefni!!!“

„Finnst verkefnið hafa tekist frábærlega og barnið mitt grætt ótrúlega mikið af því að taka þátt í því“
„Ánægð með framtakið“

„Gaman í rútuferðum og að brjóta upp leikskóladaginn og árin“

„Mér finnst þessar ferðir æðislegar og henni líka. Góð tilbreyting og hún er alltaf mjög ánægð og spennt þegar kemur að nýrri ferð“

Kennarar lögðu reglulega mat á verkefnið. Við lok þess þá lögðu þeir mat á verkefnið út frá markmiðum þess. Hér má sjá dæmi um svör frá þeim.

Telur þú að börnin hafi eftt með sér hjálpsemi og ábyrgðarkenndar gagnvart náttúru, mönnum og málleysingjum?

„Ég vona að þau hafi fengið meiri ábyrgðarkennd gagnvart náttúrunni, mönnum og dýrum. Það verður auðvita haldið áfram með þessa vinnu þ.e.a.s. með hjálpsemi og ábyrgðarkennd skilningurinn hefur aukist“.

„Þau gera sér betur grein fyrir því að það er undir okkur komið hvernig dýrin hafa það“

„Já ég tel að börnin hafi fengið tækifæri til að tengjast og þá um leið að fara að þykja vænt um t.d. umhverfi sitt, menn og dýr. Það ætti að ýta undir hjálpsemi og ábyrgðarkennd og það að lát sér líf annarra varða“.

Hefur þátttaka þín í verkefninu aukið:þekkingu þína á sjálfbærni í menntun?

„Ég held að við verðum að hugsa betur um sjálfbærni í samhengi við allt sem við gerum í lífinu. Við getum alltaf bætt við þekkingu“.

„Fyrirlesturinn (Kristín Norðdahl) var mjög fræðandi og gagnlegur í því“.

„Já ekki spurning það var gott að hlusta á Kristínu og núna er aukin umræða um sjálfbærni og mikilvægt að kennarar gefi börnunum tækifæri til að læra um sjálfbærni og hvað það er í raun. Verkefnið „Milli sjávar og sveita“ tók á því þar sem börn og kennarar hlúðu að og nærðu um leið og þeir nutu og

þáðu gæði jarðar. Við upplifðum það að lifa í sátt og samlyndi við okkur sjálf, náttúru og umhverfi“.

Náðust markmiðin? Hvað er til marks um það?

Við teljum að við höfum náð þeim markmiðum sem við settum okkur í upphafi verkefnis. Þó að hver og einn þátttakandi hafi upplifað þátttöku sína á sinn persónulega hátt. Við teljum að verkefnið og þær ferðir sem farið var í hafi boðið börnunum upp á að þau **nytu margháttáðrar reynslu sem örvar hugmyndaflug og skapandi tjáningu þeirra**. Sem um leið **jók þekkingu þeirra á samfélagi, menningu, umhverfi og náttúru**. Með því að fara aftur og aftur í sveitina þá fóru börnin að mynda tengsl og fundu að þau gátu hjálpað til sem um leið **efli hjálpssemi og ábyrgðarkennd þeirra gagnvart náttúru, mönnum og málleysingjum**. Þegar börnin heyra og sjá hvernig umhirða og hreinlæti hefur áhrif t.d. á mjólkina sem við drekkum **eykur það þekkingu þeirra á heilbrigðum lífsháttum**. Þannig verða börnin meðvitaðri um hvað er gott fyrir þau og hvernig þau vilja hafa umhverfi sitt og náttúru með þessu **efla börnin virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum**. Verkefnið hefur gefið börnunum **aukið sjálfstraust og trú á eigin getu**. Dæmi þess sáum við oft í verkefninu t.d. voru sum börn óörugg að fara með í fyrstu ferðina og önnur vildu ekki fara inn í fjósið en smátt og smátt efldust þessi börn og nutu þátttöku sinnar. Verkefnið hefur **eflt tjáningu og hugtakaskilning og auki orðaforða og eflt frásagnarhæfni barnanna**. Við upphaf verkefnis var gerða athugun um orðaforða barnanna sem tengist verkefninu og við urðum þess fljótt vör að orðaforði þeirra og frásagnarhæfni efldist með hverri ferð og nýrri upplifun. Lögð var áhersa á að auka orðaforða og hafa orð yfir hluti sem börnin voru að læra og tengdust t.d. sveitinni sýnileg í umhverfi barnanna. Með umræðum, lestri, söng og leik hefur reynsla barna og orðaforði verið örvaður með óbeinum hætti þar sem orð og hugtök koma fyrir sem tengdust upplifunum þeirra úr ferðunum. Verkefnið hefur **eflt umhyggju og vináttu** bæði á meðal barnanna og líka eflt umhyggju þeirra fyrir náttúru og umhverfi sínu.

Verkefnið hefur haft áhrif á kennara og aukið **hæfni þeirra og áhuga til að skipuleggja nám barna út frá grenndarsamfélaginu**. Kennarar hafa æft sig í því að nota skráningaleiðir eins og myndbandsupptökur, skráningar á frásögnum barna eftir rútu ferðir, teikningar barna, hugtakakort og ljósmyndir til að auka við **þekkingu sína á skráningarleiðum til að meta nám barna**. Um leið hafa þeir séð betur hvað þeir eru að gera og þetta hefur aukið **þekkingu þeirra á gildi skráninga til að meta eigið nám**. Með þátttöku sinni hafa kennarar lært með börnunum og bætt við **þekkingu sína á náttúru, menningu og samfélagi**. Um leið hafa þeir æft sig með börnunum og fengið fyrirlestur og fræðslu sem hefur aukið **þekkingu kennara á sjálfbærni í menntun**.

Það er misjafnt hvað börn hafa góðan aðgang að því að upplifa það sem fram fer í sveitinni og að fá að sjá, taka þátt og njóta þess sem þar fer fram. Þess vegna teljum við að verkefnið hafi verið mikilvægt fyrir börn til að upplifa, sjá og læra t.d. hvaða við fáum mjólkurvörur og um leið þá erum við þess fullviss að margt annað hefur lærst og haft áhrif á börnin. Við teljum að verkefnið hafi aukið skilning, þekkingu, virðingu og trú á eigin getu. Þar sem börn og kennarar hafa séð ákveðin samhengi og gert sér betur grein fyrir því hvað hver lífvera er háð og hefur áhrif á aðrar lífverur. Það að fara aftur og aftur á sömu staðina hefur veitt börnum ákveðið öryggi og gefið þeim tækifæri til að takast á við það sem þau óttast eða þekkja ekki vel.

Verkefnið Milli sjávar og sveita er vel hægt að tengja við kenningu Vygotsky út frá hugtökunum: svæði mögulegs þroska eða þroskasvæðið (ZDP), miðlun, menningarleg verkfæri og tungumálið (Smidt, 2009). Þar sem allir þessi þættir hafa mikil áhrif á nám. Þegar við skoðum þroskasvæðið (ZDP) þá er það hlutverk kennarans að hafa áhrif þar á og stækka það svæði. Það er það sem við stefndum á að gera með verkefninu. Miðlun er t.d. milliliður á milli barns og kennara og er þá talað um verkfæri sem geta verið áþreifanleg og óhlutbundinn. Áþreifanlegt verkfæri getur t.d. verið kýr en óhlutbundið verkfæri gæti þá verið tungumálið t.d. þegar kennarinn segir börnunum frá kúnni. Menningarlegt verkfæri eru t.d. tungumálið, ritmálið, sögur, þulur og landakort. Í hverju samfélagi er ákveðin menning, orð og kennileiti sem heimamenn þekkja og nota. Vinnan við verkefnið Milli sjávar og sveita hefur miðlað þeirri menningu til barnanna og stækkað þannig þroskasvæði þeirra. Til að

börnin skilji umhverfi og menningu eru orð mikilvæg. Það er oftast ekki erfitt að vekja áhuga barna á nýjum orðum (Guðmundur Kristmundsson, 2000). Þegar umhverfið er hvetjandi og spennandi eins og í þessu verkefni þá vilja börnin læra og vita hvað þetta og hitt heitir og hvert er hlutverk þeirra. Þó verkefnið sé tengt við náttúru og samfélag þá er ljóst að tungumálið og skilningur á því er mikilvægur miðill verkefnisins eins og í öllu námi. Verkefnið hefur því boðið upp á mikla málörvun þar sem áhersla er á að bæta við orðaforða og skilning hjá börnunum. Börnin hafa verið hvött til frásagnar af því sem þau hafa verið að upplifa og læra. Þannig að málþroski barnanna hefur eflst og við teljum að verkefnið haft áhrif á svæði mögulegs þroska (ZDP) sem er mikilvægt samkvæmt kenningu Vygotsky. Mikilvægt er að tengja kennslu nýrra orða og reynslu sem þegar hefur verið aflað. Börnunum gengur betur að tileinka sér ný orð sem þau geta tengt við eigin reynslu og upplifanir (Guðmundur Kristmundsson, 2000). Gerð hafa verið hugtakakort til að skrá upplifanir og þekkingu barnanna á viðfangsefninu. Teikningar þar sem frásagnir barnanna eru skráðar og bækur og kort notuð sem tengjast því sem börnin voru að upplifa og læra. Þannig að fyrir þessi börn sem eru á mörkum skólastiga þá ætti þátttaka í verkefninu að vera góður grunnur fyrir frekara nám.

Heldur verkefnið áfram innan skólans eða í öðrum skólum?

Það er von okkar að verkefnið haldi á einhvern hátt áfram innan skólans. Myndbandsupptökur og myndir úr ferðum okkar eru til og með því að horfa á þær geta börnin upplifað ferðirnar aftur og aftur og bætt við þekkingu sína. Vonir standa til að skólinn nýti sér fjöruna, náttúru, umhverfi og samfélagið hér á Stokkseyri á skipulagðan hátt með börnunum næstu skólaárin. Verkefnið ætti líka að vekja kennara, skólastjórnendur og sveitastjórnarmenn til umhugsunar um mikilvægi þess að gera ráð fyrir fjármagni og tíma fyrir skipulagðar námsferðir fyrir börnin. Eins og kom fram í mati foreldra þá brjóta þessi námsaðferðir upp skóladaginn og árið. Þó að stöðugt bætist í gott námsefni bæði bækur, spil, leikefni og myndbönd þá má telja öruggt að ekkert kemur í staðin fyrir það að fá að upplifa, sjá, skynja og reyna. Þetta er mikilvægt að hafa í huga þegar skólastarf er skipulagt og fjármagni til þess er ráðstafað. Í verkefninu hefur nám og þroski farið fram í gegnum upplifun og reynslu sem er öllum mikilvæg og má líkja þeirri reynslu við neistann sem örvar og hvetur.

Þetta er hvatinn að vilja vita meira í dag en í gær. John Dewey lagði mikið upp úr mikilvægi reynslunnar í þroska og námi og hjá honum kom m.a. fram að „langmikilvægasta viðhorfið sem myndast getur er löngun til að halda áfram að læra“ (Dewey, 2000 bls. 9).

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Ekki hefur verið gengið frá ákveðnum kynningum á verkefninu en stefnt er að því að kynna

lokaskýrslu verkefnisins fyrir leikskólastjórum á Suðurlandi haustið 2011.

Að lokum

Í Aðalnámskrá leikskóla (1999) segir: Í leikskóla skal rækta alhliða þroska barnsins sem felst m.a. í líkams- og hreyfiþroska, tilfinningaþroska, vitsmunarþroska, málþroska, félagsþroska og félagsvitund, fagurþroska og sköpunarhæfni, siðgæðisþroska og siðgæðisvitund. Í leikskóla ber að hlúa að öllum þessum þroskaþáttum, efla þá og örva samspil þeirra. Lífsleikni og námsgengi barnsins byggist á jafnvægi milli þessara þroskaþátta.

Hér koma fram ákveðin þroskasvæði sem leikskólinn á að hlúa að þar sem þau hafa áhrif á lífsleikni og þá um leið á velferð barna. Mat okkar er að vel hafi tekist til með verkefnið Milli sjávar og sveita, teljum við nokkuð öruggt að það hefði áhrif á flest þessara þroskasvæða. Það er líklegt að einhver svæði stækki meira en önnur og að einstaklingar hafi upplifað verkefnið hvert á sinn persónulega hátt. Verkefnið hefur gefa öllu börnunum jöfn tækifæri til að vera þátttakendur til að læra af og njóta. Það var von okkar að verkefnið næði til foreldra og teljum við að það hafi tekist. Foreldrar hafa verið mjög áhugasamir og séð þá möguleika sem eru í okkar nánasta umhverfi til að njóta og hlúa að með börnunum sínum. Fagvitund kennara hefur eflist og sameiginleg vinna þeirra að verkefninu eflt þá til dáiða á svið uppeldis og menntunar sem þeir geti miðlað til annarra. Leikskólinn er fyrsta skólastigið og þar eru gullin tækifæri til að leggja grunninn og styrkja þær stöðir sem börnin byggja líf sitt og þroska á. Að þeim sökum er mikilvægt að kennarar og skólastjórnendur leikskóla hlúi að og efli stöðugt sína þekkingu og þá um leið fagmennsku sína. Þátttaka okkar í verkefninu hefur aukið sjálfbærni í menntun í Æskukoti þar sem litið er á samfélagið sem mikilvæga námsleið. Þar sem ákveðin víxlverkun á sér stað, leikskólinn fer út í

samfélagið og gefur af sér og á móti gefur samfélagið nýja reynslu, þekkingu og skilning. Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) segir „Menntun til sjálfbærni á að endurspeglast í öllu starfi leikskóla í virku samstarfi við heimili og nærsamfélag“. Þannig að menntun hefur átt sér stað með því að þátttakendur í verkefninu fengu tækifæri til að:

læra að þekkja...,

læra að vera...,

læra að lifa saman...,

læra að gera...,

læra að hafa áhrif á sjálfan sig og samfélagið...,

Takk fyrir okkur ☺

Sigríður Birna Birgisdóttir

Verkefnastjóri

Heimildaskrá

Dewey, J. (2000). *Reynsla og menntun* (Gunnar Ragnarsson þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands (upphaflega kom ritið út 1938).

Guðmundur Kristmundsson (2000). Kraftaverk og kræsingastaðir. Í *Lestrarbókin okkar* (ritstj. Heimir Pálsson), bls. 80-88. Reykjavík, Rannsóknastofnun KHÍ og Íslensk lestrarfélagið.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið (2011). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík, Mennta- og menningarmálaráðuneytið,

Menntamálaráðuneytið (1999). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Smidt, S. (2009). *Introducing Vygotsky. A guide for practitioners and students in early years education*. London: Routledge.